



Til bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Kópavogi, 14. október 2024
24101038/003.03 ÍþF / SBK

Efni: Minnisblað með nýrri stefnu um gervigreind

Drögin voru unnin af starfsfólki upplýsingatæknideildar í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, stefnustjóra, sérfræðing á stjórnsýslusviði auk þess sem leitað var leiðbeininga frá persónuverndarfulltrúa.

Gervigreind er hluti af þróun fjórðu iðnbyltingarinnar og reiknað er með að hagnýting gervigreindar muni aukast mikið á næstu árum. Í starfsemi Kópavogsbæjar hefur gervigreind þegar verið nýtt á ýmsa vegu. Má þar nefna spjallmennnið Kóp en töluverð vinna er framundan að móta efni vefs bæjarins til að mæta kröfum um bættari svörum spjallmennisins (sjá þróun jákvæðra endurgjafar [hér](#)). Þá er vitað til þess að starfsfólk nýtir tækni gervigreindar til stuðnings í vinnu sinni eins og t.d. Chat GPT. Einnig stendur til að innleiða CoPilot frá Microsoft í skýjalausnum Kópavogsbæjar. Nýting þessarar tækni gervigreindar hefur möguleika á að auka skilvirkni og þar með framfarir bæjarins. Aftur á móti eru einnig áskoranir sem fylgja þessari tækni og því nauðsynlegt að marka stefnu og setja reglur um notkun gervigreindar.

Í október 2020 skipaði Katrín Jakobsdóttir, þáverandi forsætisráðherra, nefnd um ritun gervigreindarstefnu Íslands. Nefndinni var gert að skila tillögum að skýrri framtíðarsýn um hvernig íslenskt samfélag geti unnið með gervigreind öllum til hagsbóta. Nefndin kynnti sér markvisst tækni og umhverfi gervigreindar bæði hérlandis og á alþjóðavettvangi við útfærslu á stefnu Íslands um gervigreind var einkum stuðst við umsagnir utanaðkomandi aðila. Við útfærslu stefnu Kópavogsbæjar um gervigreind var fyrst og fremst litið til stefnu Íslands um gervigreind. Því er eitt meginmarkmiðið undir stefnuáherslunni „Ábyrg notkun gervigreindar“ að Kópavogsbær ætli að nýta gervigreind á ábyrgan hátt í samræmi við stefnu Íslands um gervigreind.

Í stefnu Íslands um gervigreind er lögð áhersla á að Ísland dragist ekki aftur úr þessari hröðu þróun og því er eðlilegt að Kópavogsbær haldi dampi í sinni vegferð með gervigreind. Í stefnu Íslands um gervigreind er jafnframt lögð áhersla á jafnrétti allra til að hafa aðgang, nýta, læra og þekkja þessa tækni. Mikilvægt að huga að fræðslu fyrir allt starfsfólk bæjarins um hvernig gervigreind virkar og hvernig er best að nýta hana í starfi. Einnig er mikilvægt að gervigreind sé aðgengileg borgurum með



mismunandi hætti, t.d. í gegnum mismunandi tungumál, þannig að hún nýtist sem flestum. Ljóst er að helstu siðferðislegu áskoranir tengdar gervigreind snúa að því að tæknin sé nýtt í vafasömum tilgangi. Því er mikilvægt að spyrja spurninga þegar innleiða á nýja tækni gervigreindar eins og til hvers við ætlum að nýta tæknina, hversu langt er réttlætanlegt að ganga og síðan þarf að áhættumeta viðkomandi lausn. Þá er mikilvægt að skilgreina hver skuli bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem gervigreindin tekur og hver skuli hafa eftirlit með henni. Með því að innleiða tækni gervigreindar í starfsemi bæjarins með góðri kynningu og fræðslu, er hægt að stuðla að ábyrgri og öruggri notkun gervigreindar, og minnka líkur á skaðlegri notkun hennar.

Með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 var reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd¹ innleidd á Íslandi.² Reglugerðinni er ætlað að styrkja enn frekar þau stjórnarskrárvörðu réttindi borgarana til friðhelgi einkalífs, m.a. með hliðsjón af þeirri tækniþýtingu sem átt hefur sér stað.³ Samfélagslegi tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja gagnsæi gagnvart einstaklingum um hvaða vinnsla persónuupplýsinga fari fram og í hvaða tilgangi.⁴ Reglugerðin er jafnframt tæknilega hlutlaus og nær því yfir alla tækni sem beitt er til að vinna persónuupplýsingar, þ.m.t. notkun gervigreindar.⁵ Persónuvernd hefur skilgreint helstu álitamál um gervigreind og persónuvernd í umsögn sinni við stefnu Íslands um gervigreind. Þau má greina í tvennt. Annars vegar er um að ræða atriði er lúta að gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga. Til að auka gagnsæi gagnvart borgurum hafa verið gerðar tilraunir í Evrópu með birtingu skráar yfir gervigreindarhugbúnað sem er í notkun hjá opinberum aðilum þannig að borgararnir geti átt sig á hvar slíkur búnaður er notaður og hvar ekki. Hins vegar er um að ræða hin samfélagslegu áhrif og áhersla á gagnrýna hugsun þegar kemur að því að ákveða hversu langt eigi að ganga í að nýta gervigreind. Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 er eitt besta verkfærið til að tryggja að notkun gervigreindar skerði ekki rétt borgaranna skv. lögnum, og þá helst ákvæði um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd og mat á áhrifum á persónuvernd. Því verða einkum verklagsreglur og leiðbeiningar útfærðar með þessi atriði til hliðsjónar.

Í stefnu Íslands um gervigreind er lagt til að Ísland innleiði siðferðislegar leiðbeiningar Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins um áreiðanlega notkun gervigreindar. Leiðbeiningarnar byggja á alþjóðlegum mannréttindalögum og mannréttindasáttmála Evrópusambandsins. Þann 1. ágúst 2024 tók gervigreindarreglugerð

¹ Reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfelling tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin).

² Eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2018.

³ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017-18, bls. 53 (enn óbirt í A-deild Alþingistíðinda) (Greinargerð með frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga).

⁴ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017-18, bls. 31-33 (enn óbirt í A-deild Alþingistíðinda) (Greinargerð með frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga).

⁵ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017-18, bls. 65 (enn óbirt í A-deild Alþingistíðinda) (Greinargerð með frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga).



Evrópusambandsins (e. Artificial Intelligence Act) gildi í ríkjum sambandsins. Ákvæði reglugerðarinnar koma þó ekki til framkvæmda strax, heldur verð ákvæðin alla jafna virk 24 mánuðum eftir gildistöku, en sum ákvæðanna verða virk ýmist 6, 9, 12 eða 36 mánuðum eftir gildistöku reglugerðarinnar. Ekki liggur enn fyrir hvort reglugerðin verði tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og heldur ekki hvort hún verði lögfest í landsrétt Íslands. Því þarf Kópavogsbær að svo stöddu einungis að huga að ákvæðum reglugerðarinnar ef Kópavogsbær myndi þróa tækni með gervigreind sem yrði markaðssett eða nýtt af aðilum innan Evrópusambandsins. Þó er fyrirséð að reglugerðin komi til með að hafa áhrif á þróun og notkun gervigreindarlausna innan Evrópu, og hafi þar með áhrif á starfsemi bæjarins enda er Kópavogsbær í samstarfi með fyrirtækjum innan Evrópusambandsins, og má þar til dæmis nefna danska fyrirtækið Cludo. Af framantöldum ástæðum er vísað í siðferðislegar leiðbeiningar Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins um áreiðanlega notkun gervigreindar, en ekki gervigreindarreglugerð Evrópusambandsins, í stefnu Kópavogsbæjar um gervigreind.

Loks er augin skilvirkni ein af stefnuáherslum í stefnu Kópavogsbæjar um gervigreind. Ljóst er að tækni gervigreindar biður upp á mikla möguleika til að auka skilvirkni og gæði í starfsemi Kópavogsbæjar og jafnframt efla þjónustu. Sem dæmi má nefna að með notkun spjallmennis er hægt að auka aðgengi að þjónustu enda getur spjallmennið svarað spurningum allan sólarhringinn auk þess að minnka álag á starfsfólki. Gögnin sem spjallmennið byggir svör sín á eru sett inn af starfsfólki í gegnum ytri vef Kópavogsbæjar og því er ekki hætt á að spjallmennið byggji svör sín á óviðeigandi efni. Árangur af þessum atriðum er hægt að mæla og verður mældur og birtur í gegnum Nightingale (sjá [hér](#)).

Fylgiskjöl:

1. [Stefna Íslands um gervigreind frá apríl 2021](#), sjá einkum bls. 28-29 þar sem fjallað er um siðferðislegar leiðbeiningar Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins um áreiðanlega notkun gervigreindar.
2. [Umsögn Persónuverndar um stefnu Íslands um gervigreind](#).
3. [Siðferðislegar leiðbeiningar Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins um áreiðanlega notkun gervigreindar](#).
4. [Reglugerð Evrópusambandsins 2024/1689 um gervigreind](#).

Virðingarfyllt,

Ingimar Þór Friðriksson
forstöðumaður
upplýsingatæknideildar